



sart

SAMTÖK RAFVERKTAKA

70 ára afmælisrit 2019



31. maí 1949.3

Stofnfröfundur.

Stofnfröfundur handsambands Íslenskra rafvirkjameistarar var haldinn í húsi Verslunarmannafélags Reykjavíkur fimtudaginn 31. maí 1949. Formaður félagsins var Sveinn Sveinsson.



Stofnfröfundur handsambands Íslenskra rafvirkjameistarar var haldinn í húsi Verslunarmannafélags Reykjavíkur fimtudaginn 31. maí 1949. Formaður félagsins var Sveinn Sveinsson. Meðstjórnarið var Hjalmar Halldórsson og Vilbjörg Guðmundsdóttir sem höfðu samþykkt. Þyrstur Tóth telur sig og las stóra yfirlit yfir þetta mál og þá sem höfðu tilteint þátttöku sína með stöðu eða í byrji, síðan þá sem eru í Reykjavík einnig las stöðungráningu sína, þar á milli sýntu sem sent nafnið samstarfsmannum landsins, um á stöðu við viðskipta- og innviðungráningu vandaði og um sambandsins til ástandi, einnig sagði um þessum Rafmagns eftirlitsráðgjafi Reykjavíkur og afvirkjameistarar í Reykjavík og viðskiptafröfundar um þessum rafvirkjameistarar og þessum. Norður Talari og þessum fyrir að þessum Talari Mann bráð nauðsinlegt að allri afvirkjameistarar landsins fengju i sambandi einnig drög Mann á vestrar

Samök rafverktaka, SART

Borgartún 3, 105 Reykjavík
Netfang: sart@si.is
Heimasíða: www.sart.is

Ritstjóri og ábyrgðarmaður

Kristján D. Sigurbergsson
netfang: kristjan@si.is

Afmælisnefnd

Ásbjörn R. Jóhannesson
Hartmann Kr. Guðmundsson
Hjörleifur Stefánsson
Kristján D. Sigurbergsson
Lárus Andri Jónsson

Stjórn SART

Hjörleifur Stefánsson, formaður
Pétur H. Halldórsson, varaformaður
Helgi Rafnsson
Sigurður Valur Pálsson
Magnús Guðjónsson
Sævar Óskarsson
Aðalsteinn Þór Arnarsson
Svanur Freyr Jóhannsson
Magnús Gíslason
Arnbjörn Óskarsson
Sigurður Gunnarsson
Framkvæmdastjórn
Hjörleifur Stefánsson
Pétur H. Halldórsson
Helgi Rafnsson
Svanur Freyr Jóhannesson
Framkvæmdastjóri
Kristján D. Sigurbergsson

Forsíða

Fundargerðarbók LÍR varðveitt á
Borgarskjalasafni Reykjavíkur

Ljósmyndir á forsíðu:

Hólatorg 2, Sveinn Þórðarson/
Ljósmyndasafn Reykjavíkur
Skiopholt 29, óþekktur ljósmyndari
Borgartún 35, Hartmann Kr.
Guðmundsson

Hönnun forsíðu

Hartmann Kr. Guðmundsson

Prentvinnsla

Litlaprent ehf

Umsjón auglýsinga

Kristján D. Sigurbergsson

EO HLEÐSLUSTÖÐVAR

fyrir heimili og fyrirtæki, hagstætt
verð, gæði og falleg hönnun.



EO hleðslustöðvarnar eru frábær lausn
fyrir rafbílaeigendur. Þessar hleðslustöðvar
eru breskar og sameina gæði og hagstætt
verð í falletgri hönnun sem vakið hefur
verðskuldaða athygli í Evrópu.

ISKRAFT

Ískraft
Smíðjuvegur 5 / 200 Kópavogur
www.iskraft.is / Sími 535 1200

 JOHAN
RÖNNING

Sérfræðingar í hleðslustöðvum fyrir rafbíla

EVlink

Fyrir heimili, fyrirtæki,
verslanir og gistihús

Nánari upplýsingar
á ronning.is/rafbilar

Reykjavík
Klettagöðum 25
S: 5 200 800

Akureyri
Draupnigötu 2
S: 4 600 800

Reykjanesbær
Hafnargötu 52
S: 420 7200

Reyðarfjörður
Nesbraut 9
S: 470 2020

Selfoss
Eyrarvegi 67
S: 4 800 600

Hafnarfjörður
Bæjarhrauni 12
S: 5 200 880

Grundartangi
Mýrarholtsvegi 2
S: 5 200 830



Á TÍMAMÓTUM

31. mars 1949 er stofndagur Samtaka rafverktaka (áður Lír). Tilgangur stofnunar samtakanna var og er að gæta sameiginlegra hagsmuna rafverktaka.


Á 70 árum hafa orðið stórkostlegar breytingar í tæknimálum í rafiðnaði, en tilgangur og verkefni samtakanna eru samt enn að mestu leyti þau sömu og snúa að hagsmunum félagsmanna. Enn erum við að standa vörð um löggildinguna, sinnum kjaramálum og höfum alla tíð þurft að standa vörð um þessa grundvallarhagsmuni rafverktaka. Þó eru blikur á lofti varðandi sérgreinar innan SART, ýmis sérsvið hafa átt undir högg að sækja, t.d. virðist sem fyrirtækjum í rafeindavirkjun sé að fækka og eins virðist hinum eiginlegu rafeindavirkjum einnig vera að fækka. Þarna þurfum við að taka okkur taki og skoða hvort hægt sé að snúa þessari þróun við, t.d. með því að rafeindavirkjun verði gerð að löggilttri iðngrein. Einnig virðist sem þekking í rafvélavirkjun sé smám saman að fjara út.

Árið 1957 var fyrst ráðinn framkvæmdastjóri til samtakanna og höfum við óslitið síðan haldið úti skrifstofu til að sinna þörfum félagsmanna. Einhver fjöldi rafverktaka hefur ekki verið innan samtakanna en þrátt fyrir það notið margt af þeirri vinnu sem samtökin hafa unnið þ.á.m. varðandi kjaramál.

Rafverktakar hafa alltaf verið í fararbroddi þegar kemur að ýmsum málum er lúta að hagsmunum verktaka í iðnaði. Frá því 1998 þegar LÍRÖS var tekið í notkun, en það er öryggisstjórnunarkerfi rafverktaka, höfum við verið í fararbroddi er kemur að öryggis og gæðamálum. Alla þessa tíð hafa rafverktakar haldið uppi gæðakerfi og síðustu ár verið þátttakendur í miðlægu öryggisstjórnunarkerfi Mannvirkjastofnunar. Kerfið hefur verið útvíkkað og próað til annarra verktaka í iðnaði, eru þeir nú rétt að byrja að nota það, þannig að við rafverktakar höfum og getum miðlað af okkar reynslu þar.

Árið 2012 gengu Samtök rafverktaka inn í Samtök Iðnaðarins eftir einhverra ára umræðu og töluverða andstöðu félagsmanna. En að lokum var gerður samningur um inngöngu SART í SI sem ég tel, þrátt fyrir efasemdir mínar fyrstu árin mín í stjórn SART, að hafi verið einhver besta ákvörðun sem rafverktakar hafa tekið þótt margt annað megi telja til. Innan SI er mikill mannaúður og þekking sem við höfum aðgang að og samstarf við starfsfólk einstaklega gott. Eitt er það þó sem ég set-spurningarmerki við, en það er vægi byggingaiðnaðarinnar innan stjórnar SI sem ég tel að eigi að vera meira.

Innan SART er mikill fjöldi nefnda og ráða sem fjöldi félagsmanna á sæti í. Þessar nefndir og ráð eru með til umsagnar og ákvörðunar á hverju ári fjölda málefna er snúa að rafiðnaðinum, t.d. öryggis- og kjaramál, byggingareglugerðir og fjöldi annarra málefna. Vil ég



að þessu tilefni þakka öllum þeim fjölda nefndarmanna góð störf í þágu samtakanna

Menntamál eru rafiðnaðinum mjög mikilvægt á tímum mikilla tækniframfara. Frá árinu 1974 hafa SART í góðu samstarfi við RSÍ haldið úti öflugri endurmenntun. Verkefni hafa verið á borði Fræðsluskrifstofu raf-

iðnaðarins og Rafiðnaðarskólans gegnum árin, en þessar tvær stofnanir hafa nú verið sameinaðar undir heitinu Rafmennt. Meðal verkefna má nefna endurmenntun, framkvæmd sveinsprófa, meistaranám, öryggismál, viðurkenning á réttindum erlendra iðnaðarmanna og ýmis önnur fræðslumál sem að mestu eru fjármögnuð með gjaldi í eftirmenntunarsjóð sem um var samið árið 1977. Er samstarf eigenda í þessari stofnun alveg til fyrirmyndar og báðir aðilar með sama markmið, að stuðla að sem bestri þekkingu rafiðnaðarmanna.

Samstarf SART og RSÍ hefur verið að mestu mjög gott á ýmsum öðrum sviðum. Þau reka saman Ákvæðisskrifstofu rafiðna, öryggis og heilsufarsmál rafiðnaðarmanna hafa verið ofarlega í huga SART og RSÍ undanfarin ár og nú er í gangi stóráttak í því að tryggja öryggi rafiðnaðarmanna við störf sem felst m.a. í því að innan skamms tíma verður útlæsing og ferlar er því tengjast eðlilegur hluti af okkar verklagi.

Framtíð rafiðnaðarinnar er mjög góð, atvinnustig síðustu ár í hæstu hæðum en spurning hvort við erum ekki að nálgast eitthvað eðlilegra ástand. Þróun í tækni í okkar fagi er gríðarleg og þurfum við rafverktakar að halda vöku okkar í að fylgja eftir menntunarpörf, tileinka okkur nýjungar og fylgjast með framþróun í greininni og vera opnir fyrir nýjum áherslum þjóðfélagsins og breytingum í samfélaginu.

Góðar stundir

Hjörleifur Stefánsson
formaður SART





SNJALLÖRYGGISAPPIÐ ER NÝ LAUSN FYRIR HEIMILI

- öryggiskerfi sem þú hefur í hendi þér.

Þú getur stýrt **Snjallörygginu** þínu hvar og hvenær sem er og búið til þínar eigin snjallreglur.

Með **Snjallöryggisappinu** getur þú:



Gert öryggiskerfið virkt og óvirkt



Fylgst með hvort hurðir séu opnar



Fylgst með hitastigi



Opnað fyrir myndavélar og upptökur



Fylgst með reykskynjara




Fengið tilkynningu um vatnsleka



Stjórnað lýsingu með snjallperum



Stjórnað raftækjum



ÞÚ STJÓRNAR
VIÐ VÖKTUM



ÖRYGGIS
MIÐSTÖÐIN

SNJALLÖRYGGI

STRAUMURINN SKAPAR VERÐMÆTIN

Mér er það ávallt minnisstætt er afi minn lýsti því fyrir mér er hann sá kvikna á ljósaperu í fyrsta sinn. Hann Valdimar afi sem fæddur var aldamótaárið 1900 í torfbæ í Rangárvallasýslu var kominn nokkuð til ára sinna er rafmagnið kom á bæinn hans. Hann var nálægt sextugu „þegar þessi glerkúla var skrúfuð í perustykkið í litlu stofunni í Hreiðri og þessi litla kúla lýsti upp alla stofuna!“. Hann varð agndofa af hrifningu og sú hugsun laust strax niður í huga hans að tæknin gæti ekki orðið meiri.

En við vitum að þarna var bara byrjunin. Ljóst er að tilkoma rafmagnsins inn á öll heimili í landinu á fyrrihluta síðustu aldar markaði á margan hátt upphafið að þeirri velmegun og uppbyggingu sem varð hér á landi. Við erum háð rafmagninu í okkar lífi. Atvinnulífið þarf á raforku að halda rétt eins og heimilin. Nægt framboð af orku um land allt er forsenda þess að fjölbreytt og öflugt atvinnulíf geti þrífist. Alveg eins þurfum við stöðugt á góðu og vel menntuðu fólki að halda til að viðhalda og efla þá þróun sem rafmagninu fylgir. Þar spila samtök eins og Samtök rafverktaka, SART, stórt hlutverk. Samtök sem fagna nú 70 ára afmæli sínu en undanfari þeirra var Landssamband rafvirkjameistara sem stofnað var árið 1949. Eins og oft vill verða þá finnur fólk að með samtakamættinum verður röddin hærri og meiri líkur að eftir manni verði tekið. Það var því helsti hvati þeirra sem stóðu að því að rafverktakar stofnuðu með sér samtök að leggja meiri áherslu á baráttumál þeirra. Helstu baráttumál rafverktaka hafa alla tíð verið löggildingin, aðkoma að reglugerðum um raforku, starfsleyfi rafverktaka, öryggismál sem og alþjóðlegt samstarf.

Iðnaður á Íslandi fær ekki þrífist án rafmagns og iðnaðurinn fær ekki þrífist ef ekki eru á hverjum tíma framúrskarandi fagmenn sem sjá til þess að straumurinn búi til verðmæti á degi hverjum. Síðustu misseri hefur staðan verið þannig að mikill skortur hefur verið á hæfu iðnmenntuðu fólki. Sem fyrr erum við hjá SI óþreytandi að hvetja ungt fólk til að velja iðn-, verk- eða tækninám. SART hefur verið þar í fararbroddi við að hvetja ungt fólk í rafiðnaðargreinar og vert að hrósa félaginu fyrir að gefa öllum þeim sem hefja nám í faginu spjaldtölvur sem nýttast nemendum vel og jafnar aðstöðumun þeirra.



SART starfar í dag undir regnhlíf Samtaka iðnaðarins og erum við hjá SI stolt af því að hafa félagið innan okkar vébanda. Það er gríðarlega mikilvægt fyrir íslenskt atvinnulíf að fyrirtæki innan iðnaðar myndi sterka breiðfylkingu sem getur fylgt baráttumálum eftir. Iðnaður byggir á tækni og þekkingu sem á svo sannarlega vel við SART. Innan raða SART hefur ávallt verið öflugur hópur sem hefur barist fyrir aukinni endurnýjun og menntun innan greinarinnar sem leiðir til þess að tækni framfarir og þróun á sér stað í atvinnulífinu, öllum til heilla.

Verum minnug þess að þó afi minn hafi haldið að tæknin gæti ekki orðið meiri að þá hafa íslenskir rafverktakar leitt tækniþróun í rafmagni á síðustu sjö áratugum.

Gleymum því aldrei að gott handverk mun ávallt standa fyrir sínu.

Ég vil fyrir hönd stjórnar SI óska SART til hamingju með 70 ára afmælið og óska félaginu heilla um alla framtíð.

*Guðrún Hafsteinsdóttir
formaður SI*

AFMÆLISKVEÐJA

RSÍ og SART hafa um langt árabil staðið sameiginlega að ýmsum mikilvægum verkefnum fyrir rafiðnaðinn. Þar hefur fyrst og fremst verið unnið að því að bæta stöðu starfsmanna og fyrirtækja, til að mynda með rekstri Rafiðnaðarskólans og Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins. Það hefur verið á höndum okkar sameiginlegu stofnana að stuðla að því að menntun rafiðnaðarmanna standist tímans tönn og félagsmenn geti sótt sér eftirmenntun á sínu sviði.

Þetta samstarf hefur skipt miklu máli og er því gríðarlega mikilvægt að samtökin séu sammála um þennan sameiginlega rekstur enda tryggir það öllum aukinn ávinning. Í tilefni af 70 ára afmæli SART er vert að rifja það góða upp í samstarfi samtakanna enda skiptir það máli að vera með sterkan viðsemjanda sem hefur samt sem áður góðan skilning á faglegum verkefnum.

Það er okkar sameiginlega verkefni að efla og bæta stöðu rafiðnaðarmanna á íslenskum vinnumarkaði öllum rafiðnaðarmönnum til hagsbóta en staða launafólks



þarf að batna og við þurfum að tryggja öllum mannsæmandi kjör. Samhliða slíkum breytingum bætum við jafnframt stöðu fyrirtækjanna. Nú er gullið tækifæri til að bæta stöðu rafiðngreinanna í sameiningu.

RSÍ sendir SART og félagsmönnum þess hamingjuóskir í tilefni 70 ára afmælis samtak-

anna. Það er mín einlæga von að okkur takist að bæta hag okkar fólks í víðu samhengi.

*Kristján Þórður Snæbjarnarson
formaður RSÍ*

GIRA



Gira E2 Svart matt, nýja áferðin.

Glæsilegt útlit, einföld uppsetning. Nú hefur ný og nútímaleg áferð bæst við sígildu rofalínuna Gira E2: Svart matt. Þessi rofaútfærsla passar ekki aðeins vel inn í alla vandaða innanhússhönnun, heldur er hún líka afar sveigjanleg í uppsetningu. Með Gira System 55 í venjulegum innfelldum dósnum eða holveggjadósnum eða Gira búnaðardósnum eða innfelldum dósnum. Nánari upplýsingar: www.gira.is



FRT stendur fyrir *Félag rafeindatæknifyrirtækja* sem er meistarafélag rafeindavirkja og er aðildarfélag í heildarsamtökunum SART (Samtök rafverktaka). Félagið var stofnað í núverandi mynd árið 1988 og rættist þá langþráður draumur sem hafði átt langan aðdraganda.

Útvarpsvirkjun var viðurkennd sem iðngrein á Íslandi 31. desember 1928 en þá voru skráð um það bil 450 útvarpsviðtæki á landinu.

SAMTÖK ÍSLENSKRA RADÍÓVERKSTÆÐA

Meistarar unnu oft einir eða voru með fáa menn í vinnu og voru því dæmigerðir smáatvinnurekendur. Oft fundu þeir fyrir einangrun og að nauðsyn væri á samstarfi við aðra fagmenn í greininni. Vaknaði því áhugi á að efna til félagsskapar um hagsmuni stéttarinnar. 10. janúar árið 1938 var stofnað til fundar þar sem samþykkt var að stofna „*Félag útvarpsvirkja*“ sem var fagfélag sveina og meistara í greininni og bauðst öllum verkstæðum fullgildra útvarpsvirkja aðild að samtökunum. Félag útvarpsvirkja var starfandi sem fagfélag fram til 6. nóvember 1968 en þá var sérstakt launþegafélag stofnað innan greinarinnar sem hlaut nafnið „*Sveinafélag útvarpsvirkja*“, en „*Meistarafélag útvarpsvirkja*“ var stofnað 27. nóvember 1962 og var eingöngu samtök atvinnurekenda í greininni.

FÉLAG SKRIFTVÉLAVIRKJA

Árið 1952 var skriftvélavirkjun gerð að löggiltri iðngrein á Íslandi. Ellefu árum seinna þ.e. 9. apríl 1963 var boðað til stofnfundar „*Félags skriftvélavirkja*“. Fundarmenn voru sammála um að rétt væri að stofna fagfélag sem í væru bæði meistarar og sveinar og einnig væri hægt að heimila nemum fundarsetu. 8. nóvember þetta sama ár var haldinn framhaldsstofnfundur þar sem gengið var frá stofnun fagfélagsins „*Félag skriftvélavirkja*“ og skyldi starfssvæði félagsins ná yfir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur og nágrennis.

Á fundinum var mönnum tíðrætt um að fagið væri stöðugt að þróast í átt að rafeindatækni og varað var við að útvarpsvirkjar væru farnir að veita rafstýrðum skrifstofuvélum fullmikla athygli.

Fagfélagið „*Félag skriftvélavirkja*“ var lagt niður á fyrri hluta áttunda áratugarins og í ársbyrjun 1975 voru síðan stofnuð tvö félög, þ.e. „*Sveinafélag skriftvélavirkja*“ og „*Meistarafélag skriftvélavirkja*“.

FAGFÉLAG SÍMVIRKJA

Fagið símvirkjun þróaðist innan Landssíma Íslands, en stofnunin þjálfaði sína eigin tæknimenn frá upphafi.



Símvirkjar voru því ríkisstarfsmenn og kjaradómur ákvað kjör þeirra. Árið 1965 kvað kjaradómur upp dóm um kjör símvirkja sem olli mikilli óánægju meðal símvirkja og sögðu mjög margir upp störfum. Nokkuð var þá um að þessir símvirkjar færu að vinna hjá fyrirtækjum sem starfrækt voru á almennum vinnu- markaði og einhverjir símvirkjar voru farnir að starfa sjálfstætt. Símvirkjar þurftu félagsskap til að gæta hagsmuna sinna og til að vinna að frambúðarlausn á félagslegri stöðu stéttarinnar. Fagfélag var stofnað 1974 og hlaut nafnið „*Félag íslenskra rafeindavirkja*“. Félagið starfaði með formlegum hætti frá 26. apríl 1974 til 2. október 1980.

FÉLAG RAFEINDAVIRKJA

Eftir margra ára samningaviðræður var „*Félag rafeindavirkja*“ stofnað á fundi 16. janúar 1988, en það var langþráður draumur. Fullgildir stofnfélagar voru 387. Þetta félag var stofnað sem sveinafélag (launþegafélag) og sameinuðust eftirtaldar þrjár starfsgreinar (útvarpsvirkjar, skrifstofuvirkjar og símvirkjar) undir einu nafni.

Á sama tíma var stofnað eitt meistarafélag, þ.e. „*Félag rafeindatæknifyrirtækja*“ fyrir ofangreindar þrjár starfsgreinar. „*Félag rafeindatæknifyrirtækja*“ notar skammstöfunina FRT og er hluti af heildarsamtökum rafiðnaðarins, SART.

Heimildir:

Rafeindatækni í 150 ár eftir Þorstein J.Óskarsson

Upplýsingar frá vefsíðu RSÍ - Rafiðnaðarsambands Íslands (rafis.is)

Örlygur Jónatansson
rafeindavirkjameistari.



Hljóðvarpsviðtæki í upphafi 20. aldarinnar



RAFAL

1983 - 2018 REYNSLA OG ÞEKKING ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ RAFIÐNAÐARINS

Rafal var stofnað í Búðardal haustið 1983 að frumkvæði Landsvirkjunar og Orkubús Vestfjarða. Stofnandi auk mín, undirritaðs var Hilmar Óskarsson rafvirkjameistari í Búðardal. Í kjölfarið var gerður þjónustusamningur við LV og OV um tiltekin verkefni sem Rafal tók að sér að sinna. Jafnframt tók Rafal að sér að annast hverskonar þjónustu á rafbúnaði annarra rafveitna og fyrirtækja sem kaupa háspennna raforku. Megin verkefni hafa því frá fyrsta degi verið að sinna uppbyggingu og þjónustu fyrir og við raforkufyrirtækin í landinu. Rafal leggur því sérstaka áhersla á rekstrarþjónustu, endurbætur og uppbyggingu háspennu- og lágspennukerfa fyrir raforkuöflun og flutning, raforkudreifingu og raforkuiðnað.

Forsagan er sú að undirritaður var ráðinn til starfa sem rafvirki í rekstrarflokki Rafmagnsveitna ríkisins, Rarik, í apríl, 1972. Baldur Helgason var þá yfir Rekstrardeild. Þá var að hefjast lagning á fyrsta áfanga Byggðalínu, „rauða hundinum“ milli Akureyrar og Sauðárkróks. Flokkstjóri vinnuflokksins og rafvirki voru færðir til Framkvæmdadeildar Rarik, annar sem verkstjóri Byggðalínu og rafvirkinn tók við nýjum línulögnum á Mýrunum. Rekstrarflokkurinn var gerður út frá Reykjavík og sinnti allri smærri uppbyggingu og lagfæringum línukerfis Rarik á Vesturlandi, frá Höfnum og Garði á Reykjanesi að Reykhólum. Haustið 1973 varð ég flokkstjóri vinnuflokks við Dalaveitu með aðsetur í Búðardal. Á þessum árum var Sigurður Eymundsson yfir Rafmagnsdeild. Hann réði mig vorið 1977 til að annast uppsetningu aðveitustöðvar við Laxárvatnsvirkjun, en þá um haustið var Byggðalínan spennuhækkuð í 132 kV milli Akureyrar og Vatnshamra. Næstu fimm árin vann vinnuflokkur minn m.a. að uppsetningu 132 kV aðveitustöðva Byggða- og Vesturlínu. Það urðu samtals fimm aðveitustöðvar sem vinnuflokkurinn reisti á næstu fimm árum.

Starfsmenn Rarik unnu þessi verk fyrir ríkissjóð, en í janúar 1983 yfirtók Landsvirkjun línur og búnað. Fyrstu árin sáu starfsmenn Rarik áfram um allan rekstur Byggðarlínu fyrir Landsvirkjun, sem smátt og smátt yfirtók einnig þau störf. Á vormánuðum 1983 kom upp ágreiningur milli Rarik annars vegar og OV og LV hinsvegar varðandi þjónustu við Vesturlínu. Sá

ágreiningur olli því að Jakob Ólafsson rekstrarstjóri OV hringdi til mín og sagði að þeir Birgir Guðmannsson hjá LV vildu fá mig til að stofna fyrirtæki til að sinna þessari rekstraraðstoð. Það var ástæðan fyrir stofnun Rafal.

Á fyrstu árum fyrirtækisins komst starfsemin fyrir í 25 fermetra bílskúr með skrifstofu í hluta kjallaraherbergis. Ég hafði B löggildingu Rafmagnseftirlits ríkisins og þann 26.11.1986 fékk Rafal A löggildingu. Í desember 1988 kaupir Rafal 190 m² hlut í iðnaðarhúsi að Vesturbraut 20 í Búðardal þar sem starfsemin hafði verið til húsa frá 1987. Um svipað leyti hefst rekstur Rafal í Reykjavík og nágrenni. Í janúar 1991 sækir Rafal um rafverktakaleyfi á orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Þá er aðstaða Rafal hér syðra í 40 m² bílskúr við Eyjabakka í Reykjavík. Árið 1993 hættir Rafal rekstri í Búðardal og selur húsnæðið að Vesturbraut 20. Haustið 1994 flytur Rafal starfsemina í 40 m² bílskúr að Heiðarhalla í Kópavogi. Fyrstu 10 ár fyrirtækisins störfuðu á bilinu 4-8 manns hjá Rafal.

Árin 1994 til 1999 lá starfsemi Rafal að mestu niðri, en ég sá þá um rekstur rafmagnsverkstæðis Rarik í Reykjavík sem annaðist viðhald og þjónustu á spennum og öðrum sérhæfðum rafbúnaði vítt og breitt um landið.

Árið 1999 tók Rafal m.a. að sér endurbætur og stækkun raforkukerfis Kringlunnar og uppsetningu rafbúnaðar í Sultartangavirkjun fyrir írsku fyrirtækið PYCAS. Þá unnu hjá Rafal 14 starfsmenn.

Í janúar 2000 flutti Rafal starfsemi sína í 420 m² húsnæði að Miðhrauni 22 í Garðabæ. Næstu fjögur árin var frekar rólegt yfir atvinnulífina og starfsmenn á bilinu 10 til 12. Rafrún ehf eignaðist á þessum árum 50% hlut í Rafal en seldi undirrituðum félagið aftur 31.12.2004.

Stöðugur vöxtur hefur verið í allri starfsemi Rafal frá upphafi árs 2005. Þessi vöxtur hefur kallað á bættu aðstöðu og fjölgun fastráðinna starfsmanna. Þá um haustið var Reykjanesvirkjun boðin út og í framhaldi gerði Rafal samning um útvegum og uppsetningu alls rafbúnaðar virkjunarinnar. Árið eftir unnum við einnig sambærilegt verkefni við 1. áfanga Hellisheiðarvirkjunar.



Rafal ehf kt. 611290 1019
Hringhellu 9, 221 Hafnarfirði
Sími 510 6600, rafal@rafal.is
www.rafal.is

Frá árinu 2001 hefur Rafal einnig annast þjónustu og uppbyggingu fyrir fjarskiptafyrirtækin í landinu, ljósleiðaralagnir og tengingar, og endurdreifingu FM, GSM og TETRA kerfa. Sú vinna leiddi til þess að vorið 2017 stofnaði Rafal dótturfyrirtæki, Lýsir ehf sem annast almenna hönnun, innflutning og sölu fjölbreytts búnaðar fyrir ljósleiðaralagnir og fjarskipti.

Verkefni okkar spanna vítt svið bæði við uppbyggingu og viðhald, svo sem línu- og strenglagnir, virkjanir, aðveitustöðvar, dreifistöðvar, ljósleiðara, tölvulagna og fjarskiptabúnað. Rafal hefur samt ávallt sinnt allri almennri rafverktöku.

Í febrúar 2009 keypti dótturfélag Rafal 1660 m² glæsilegt iðnaðarhús á 1,5 ha lóð að Hringhellu 9 Hafnarfirði. Þar hefur starfsemi þróast og vaxið. Það ár hófum við smíði á dreifispennum 50 – 500 kVA og tókum aukinn þátt í ljósleiðaravæðingunni. Sú starfsemi er enn í gangi. Árin 2012 til 2015 unnum við að hönnunum, smíði og uppsetningu 15 stk. 6 MVA gufuafsvirkjana í Kenya fyrir Green Energy Group.

Árið 2013 tók Valdimar Kristjánsson við stöðu framkvæmdastjóra af undirrituðum sem hafði gengt því starfi frá upphafi. Valdimar, sem jafnframt er fjármálastjóri, tók við því starfi árið 2006, en undirritaður gegnir enn stöðu stjórnarformanns frá 2013.

Á síðustu árum hefur öll dagleg stjórn Rafal færst í hendur ungra manna sem líta björtum augum til framtíðar og sjá tækifæri í vaxandi þjónustu vítt og breitt, innanlands sem utanlands. Í janúar 2019 voru starfsmenn okkar orðnir um 80 og er meðalaldur aðeins 38 ár. Þessir menn hafa margir komið til okkar sem namar, lokið sínu námi og aukið menntun sína í faginu. Frá aldamótum hafa á vegum Rafal um fimmtíu iðnnemar lokið sveinsprófi í rafvirkjun og rafveituvirkjun og um tugur manna lokið meistarskólanum og iðnfræðimenntun.

Hjá Rafal starfa nú verkfræðingar, tæknifræðingur, iðnfræðingar, rafvirkjar, rafveituvirkjar, rafeindavirkjar, vélvirkjar, og sérhæfðir tengingamenn stýringa-, háspennu- og ljósleiðarakerfa. Menn og konur með margra ára reynslu og faglega þekkingu á rafveitustörfum. Rafal leggur áherslu á að vanda vel ráðningar allra starfsmanna og halda sama kjarna og viðhalda hæfni þeirra og þekkingu, þ.m.t. á háspennubúnaði og umgengni við hann. Þannig tryggjum við hámarks öryggi og árangur af starfi hvers og eins.

Frá árinu 2014 hefur Rafal verið í hópi framúrskarandi fyrirtækja að mati CREDITINFO, en það eru aðeins 1,7 til 2,2% fyrirtækja á landinu sem uppfylla þau skilyrði. Skv. fyrirliggjandi upplýsingum verður staða okkar óbreytt á þessu ári.

Þann 15. júní, sl. fékk Rafal viðurkenningu bsi. fyrir ISO 9001:2015 sem nær yfir alla starfsemi okkar: Hönnun, framleiðslu, verkefnaöflun, uppsetningu ásamt þjónustu við rekstur rafbúnaðar og fjarskiptabúnaðar í orkuverum, flutnings- og dreifiveitum, fjarskiptastarfsemi og iðjuverum.

Rafal mun vera eina fyrirtækið á þessum markaði sem hefur þessa vottun um alla sína starfsemi.

Kristján Sigurðsson

Helstu tengiliðir:

Kristján Sigurðsson
stjórnarformaður og
eigandi.

Valdimar Kristjánsson
framkvæmdastjóri og
eigandi.

Eiríkur Sæmundsson
rafmagnstæknifræðingur,
rekstrarstjóri.

Bjarni Sæmundsson
iðnfræðingur,
verkefnastjóri.

Helgi Guðmundsson
iðnfræðingur,
verkefnastjóri.

Sigrún Hrafnisdóttir
verkfræðingur,
verkefnastjóri.

Trausti Hvannberg
Ólafsson verkfræðingur,
verkefnastjóri.

Vilberg Tryggvason
iðnfræðingur, gæðastjóri.

ENDURMENNTUN RAFIÐNAÐARMANNA

Rafiðnaðarmenn hafa alltaf haft mikinn metnað fyrir eigin menntun, þekkingu og kunnáttu.

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti er stofnaður árið 1975 og með því aukin áhersla lögð á verknám í framhaldsskólunum sjálfum.

Rafiðnaðarskólinn var stofnaður 1985 til á grunni vinnu rafiðnaðarmanna við að sinna endurmenntun félagsmanna.

Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins er stofnuð 1996 til að halda utan um umsýslu með sveinsprófum og námsamningum ásamt því að vera leiðandi í endurskoðun á grunnnámi rafiðnaðarmanna.

Frá árinu 1975 til dagsins í dag hafa því rafiðnaðarmenn rekið símenntun fyrir félagsmenn RSÍ og SART ásamt því að sinna ýmsum verkefnum vegna menntunar rafiðnaðarmanna fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Á vordögum 2018 ákváðu stjórnir Rafiðnaðarskólans og Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins að sameina þessi tvö félög í eitt undir merki RAFMENNTAR fræðslumiðstöðvar og færa þannig öll verkefni sem snúa að menntamálum rafiðnaðarmanna, frá upphafi náms til loka meistarakóla og síðan þeirrar símenntunar sem félagsmenn þurfa stöðugt að vera að nýta sér, í eitt félag.

Breytingarnar eru hugsaðar til þess að efla þjónustu við félagsmenn og nýta betur það fjármagn sem kemur inn í menntasjóð til að auka fjölbreytileika nýrra námskeiða og kynningu á nýrri tækni.

Félögin hafa verið til húsa að Stórhöfða 27 síðan 15. desember 2009 og verða því tíu ár í haust frá seinustu flutningum. Nú eru framkvæmdir hafnar á annarri hæð á Stórhöfða þar sem skrifstofa Rafmenntar verður til húsa en áfram verða kennslustofur á fyrstu og þriðju hæð.

Á árinu 2018 voru haldin 102 námskeið og voru tæplega eitt þúsund félagsmenn skráðir á þau. Einnig er fjöldi annarra verkefna sem RAFMENNT sinnir eins og gerð 130 námssamninga, mat á menntun 100 útlendinga og utanumhald sveinsprófa.

Einnig er stórt verkefni að kynna nám í rafiðnaði fyrir ungu fólki og aðstoða það með fríu námsefni. Á www.rafbok.is er allt námsefni sem notað er í framhaldsskólum til



kennslu í rafiðngreinum aðgengilegt nemendum án endurgjalds.

Á síðasta ári var farið í áttak í að auka öryggisskilning félagsmanna með því að senda öryggislás til félagsmanna. Lásinn er notaður til að læsa úti spennuhafandi búnað. Tilgangurinn er sá að auka öryggisvitund félagsmanna og fækka

óhöppum.

Hlutverk endurmenntunar hefur breyst frá því að fyrst var til hennar stofnað af félagsmönnum rafiðnaðarmanna. Hluti félagsmanna RSÍ eru í félagi tæknifólks sem starfar við ýmis tæknistörf í upplýsingatækni, fjarskiptum, fjölmiðlun, margmiðlun og skapandi greinum og að auki eru sum tæknistörf innan rafiðnaðarins. Menntastig þessara félagsmanna spanna allt frá því að vera með enga eða litla formlega menntun til þess að vera með háskólapróf. Huga þarf vel að því að finna símenntunarnámskeið og námskeið í tækninýjungum sem henta þessari flóru félagsmanna.

Tækninni fleygir fram og allt tal um að sjálfvirkni taki við einföldum störfum ætti að efla ungt fólk í því að leggja störf í rafiðnaði fyrir sig. Öll sjálfvirkni, hverju nafni sem hún nefnist, byggir á því að henni sé stýrt og til þess þarf að hanna, smíða og forrita tækjabúnað. Einnig þurfa þessi tæki að hafa samskipti hvort sem þau eru gegnum þráð eða þráðlaus.

Aukinheldur þarf allur þessi tækjabúnaður orku sem flutt er frá virkjunum til notenda. Á þeirri leið eru mörg störf og starfssvið sem heyra undir félagsmenn RSÍ og SART.

Innan Rafmenntar ríkir mikil bjartsýni á aukna þátttöku félagsmanna í símenntun og viðhaldi þekkingar ásamt því að vera öflugur þjónustuaðili við núverandi og verðandi félagsmenn RSÍ og SART.

*Þór Pálsson
framkvæmdastjóri*



Dagbjört Elín Ármannsdóttir, nemi í rafvirkjun, og Helgi Már Valdimarsson rafíðnfræðingur að störfum.

RAFMENNT er máttur

RAFMENNT - fræðslusetur rafíðnaðarins annast verkefni er varða menntamál rafíðnaðarmanna, allt frá upphafi náms til loka meistarskóla, og endurmenntun þeirra sömuleiðis.

RAFMENNT varð til árið 2018 við sameiningu Rafíðnaðarskólans og Fræðsluskrifstofu rafíðnaðarins í því skyni að auka þjónustu við félagsmenn og gera framboð menntunar og fræðslu enn fjölbreyttara og markvissara.

Rafíðnaðarsamband Íslands og **Samtök rafverktaka** eiga og reka **RAFMENNT** í sameiningu.

RAFMENNT
óskar Samtökum rafverktaka til hamingju með farsælan feril í 70 ár



RAFMENNT

fræðslusetur rafíðnaðarins

Stórhöfða 27 • 110 Reykjavík • rafmennt.is • sími 540 0160



RAFMIÐLUN HF.

ALHLIÐA RAFVERKTAKI SMÁSPENNA, LÁGSPENNA

Rafmiðlun hf. er rafverktaka og innflutningsfyrirtæki stofnað 1996.

Eigendur voru þrír í upphafi en í dag eru þeir níu.

Frá upphafi var markmið að veita alhliða þjónustu og lausnir á sviði rafverktöku hvort sem verkefni væru stór eða smá.

Strax á fyrsta rekstrarári Rafmiðlunar fékk fyrirtækið stórt verkefni fyrir Ísal í Straumsvík og allar götur síðan hafa verkefni tengd iðnaði verið stór þáttur af starfsemi Rafmiðlunar. Má þar m.a. nefna verkefni fyrir Elkem, Norðurál, Orku náttúrunnar, Veitur, Orkuveitu Reykjavíkur, Ísal, Landsvirkjun og mörg fleiri fyrirtæki sem eru fastir viðskiptavinir.

Fyrirtækið hefur einnig sótt verkefni út fyrir landsteinana og má þar nefna tvær virkjanir á Grænlandi ásamt skóla en þessi verkefni voru unnin í góðu samstarfi við Ístak. Einnig má nefna verkefni í Noregi, Svíþjóð og Danmörku en þessi verkefni hafa verið unnin í samstarfi við ýmis fyrirtæki svo sem eins og Norsk Hydro, Eflu, Exton, Goodtech, Eitech Electro AB og fl. aðila en frá árinu 2010 hefur Rafmiðlun rekið dótturfélag í Noregi sem heitir Electroson.

Starfsemi Rafmiðlunar hefur einnig verið mjög viðamikil á höfuðborgarsvæðinu og nágrenni en Rafmiðlun hefur komið að mörgum stærstu byggingaframkvæmdum undanfarna áratugi í samstarfi og eða sem undirverktaki. Nokkur helstu verkefni eru Smáralind, Höfuðstöðvar Orkuveitu Reykjavíkur, Korputorg, Bauhaus, Kringlan, Samskip vörúhótel, stækkanir á Flugstöð Leifs Eiríkssonar, Ikea, Costco, Háskólinn í Reykjavík, Harpan, Alvotech, US Embassy og mörg fl. Málin hafa þróast

þannig að oft er Rafmiðlun sá rafverktaki sem hefur verið valinn sem samstarfsaðili ef verkefnið er stórt og flókið. Í dag eru m.a. á verkefnalistaðum Marriott hótél við hlið Hörpunnar, sorpeyðingar- og gasgerðarstöð á Álfsnesi ásamt stórum verkefnum sem tengjast stærstu fasteignafélögum landsins.

Rafmiðlun hefur einnig gert þjónustusamninga við sína stærstu viðskiptavinina sem hefur reynst vel til að tryggja stöðugleika. Einnig býður fyrirtækið upp á heildarlausnir á sviði rafverktöku þ.e. ráðgjöf, hönnun, teikningar, efnisöflun sem og framkvæmd. Fyrirtækið hefur í auknum mæli og vegna harðnandi samkeppni flutt inn efni til eigin nota í verkum sínum og einnig selt til annarra fyrirtækja. Vegna þessarar þróunar hafa orðið til sérhæfð dótturfyrirtæki sem sinna viðskiptavinum á ákveðnum sviðum sérstaklega. Pro Gastro var stofnað árið 2009 og sérhæfir sig í sölu á vörum og tækjum sem tengjast eldhúsum og stórum mótuneytum. Í tengslum við þjónustuna rekur Rafmiðlun öflugra sérhæfða viðgerðarþjónustu á flestum gerðum tækja fyrir mótuneyti. Pronet sinnir ráðgjöf og sölu á búnaði fyrir net- og öryggiskerfi ásamt allri almennri þjónustu og uppsetningu á slíkum kerfum. Hlaða sérhæfir sig í sölu og ráðgjöf á rafbílahleðslustöðvum og nýjasta þjónustan er llux sem sinnir sölu og ráðgjöf á lýsingarbúnaði fyrir iðnað, verslanir og skrifstofur.

Eigendur Rafmiðlunar hafa ávallt lagt ríka áherslu á ábyrga og góða þjónustu við viðskiptavinina sína og byggja á trausti, virðingu og skilningi á þörfum viðskiptavinarins en Rafmiðlun hefur verið með 24 tíma þjónustuvakt alla daga ársins frá 2005 fyrir valda viðskiptavinina svo sem eins og Símann, Mílu og fl.

Í fyrirtækinu hefur verið unnið frá árinu 1998 eftir gæðakerfi hönnuðu af VSO-ráðgjöf og eftir öryggis- og heilbrigðisáætlun sem hönnuð er af Heilsuvernd en einnig er Rafmiðlun með D vottun frá Samtökum iðnaðarins.

Höfuðstöðvar Rafmiðlunar eru í Ögurhvarfi 8 Kópavogi. Þar er öflugt verkstæði sem er sérhæft í skápsmiði en allt frá stofnun fyrirtækisins hefur skápsmiði í samstarfi við danska fyrirtækið Elsteel verið mjög umfangsmikil og hefur sú starfsemi verið eitt af aðalsmerkjum Rafmiðlunar.

Á Grundartanga er verkstæði sem vinnur í nánu samstarfi við stóriðjuna á svæðinu en þar hefur Rafmiðlun verið með þjónustu meira og minna síðan um aldamót. Rafmiðlun hefur B-leyfi Löggildingarstofu en einnig er fyrirtækið með réttindi til að vinna við rafverktöku á Grænlandi, í Noregi, Danmörku og Svíþjóð.

Fjöldi starfsmanna er breytilegur frá ári til árs en í dag er fjöldinn með mesta móti vegna góðrar verkefnastöðu og u.þ.b. 130 starfsmenn eru á launaskrá.

Gott starfsfólk sem margt hefur unnið hjá fyrirtækinu í fjölda ára er ómetanlegt. Það má fullyrða að þekking, reynsla og fagmennska starfsfólks Rafmiðlunar sé mikil og hefur það verið eitt af aðalsmerkjum félagsins frá upphafi að geta tekist á við mismunandi og krefjandi verkefni stór sem smá.

Björgvin R. Pálsson

Ögurhvarf 8
203 Kópavogur
540-3500
rafmidlun@rafmidlun.is
www.rafmidlun.is

Eigendur:

Ásgrímur Örvar Jónsson
Baldur Á. Steinarsson
Björgvin R. Pálsson
Gísli Birgisson
Hannes Grétarsson
Kolbeinn Sverrisson
Magnús Már Steinarsson
Óskar Þórisson
Valgarður Lúðvíksson



BERGRAF EHF

ELEKTRUS
- Löggiltir rafverktakar



H. Árnason ehf.

Mörkin 3, 108 Reykjavík,
Tölvuþjónusta /viðgerðir
www.hamason.is

Hitatækni ehf



RAFVOLT

Lj Ljósafoss ehf.

Rafverktaki Síðan 1937
Armúli 21 • 108 Reykjavík • sími 8959079 • ljofsafoss@simnet.is



NES-RAF EHF
RAFVERKTAKAR

Rafal



ÖRTÆKNI

RAFEY
EGILSSTAÐIR

RAFEYRI
alltaf í stuði!

Rafhitun




LAUNAFLL

Launafll á rætur sínar að rekja til 15. mars 2003 en þá undirrituðu Alcoa og íslensk stjórnvöld samninga um byggingu 322.000 tonna álvers Alcoa í Reyðarfirði. Undirritun samninganna markaði upphaf framkvæmda sem höfðu mjög jákvæð áhrif á samfélagið á Austurlandi. Alls sköpuðust um 500 störf hjá Alcoa sjálfu, en að auki urðu til um 500 afleidd störf, mest í iðnaði, þjónustu og verslun.

Verktakafyrirtækið Bechtel var fengið til að reisa álverið en fyrirtækið er eitt það stærsta í heiminum á sínu sviði og einkum þekkt fyrir að starfa eftir ströngustu öryggiskröfum og vandlega úthugsuðum verkferlum. Bygging álversins gekk vel og réði Bechtel til sín mörg smærri verktakafyrirtæki af svæðinu sem fengu þarna tækifæri til að kynnast því að starfa með alþjóðlegu risafyrirtæki. Fyrirtækin sem áttu þarna samstarf, þótti takast vel til og út frá þessari reynslu kviknaði sú hugmynd að veita Alcoa Fjarðaáli viðhaldsþjónustu. Með þetta markmið í huga var Launafll stofnað þann 6. júní 2006 af rafmagns- og vélaverkstæðum af Austurlandi.

Strax upphófust þreifingar og í ljós kom að Alcoa Fjarðaál ætlaði sér að semja við þrjá aðila sem myndu veita þeim alla viðhaldsþjónustu. Ljóst var að margir aðilar höfðu áhuga á að þjónusta Alcoa Fjarðaál og buðu bæði innlend og erlend stórfyrirtæki fram krafta sína. Launafllsmenn ákváðu að kynna sér starfsemi Alcoa í Kanada og hvernig verktakar þar á svæðinu þjónustuðu álverið, því Fjarðaál ætlaði að bjóða út svipaða eða samskonar þjónustu og þar var veitt. Eftir heimsókn til Dechambault í Kanada voru menn margs vísari um reksturinn þar og hvers væri ætlast til af verkþökum sem þjónusta álver í eigu Alcoa.

Þegar til kastanna kom hreppti norska verktakafyrirtækið HMR stærsta þjónustusamninginn við Alcoa en heltist fljótlega úr lestinni og var verkefnum þeirra deilt á milli Launaflls og VHE. Launafll gerði svo þjónustusamning við Alcoa Fjarðaál þann 30. mars 2007 og þar með var grunnurinn lagður að tilvist fyrirtækisins. Ótrúlegur uppgangur varð hjá fyrirtækinu eftir undirskrift þjónustusamnings, þar sem starfsmannafjöldi Launaflls fór úr einum



Við erum alhliða verktaka- og þjónustufyrirtæki sem kappkostar að veita viðskiptavinum skjóta og vandaða þjónustu.

**Okkar gildi eru
Öryggi – Áreiðanleiki – Virðing**

Launafll ehf. – www.launafll.is – sími 414-9400



**Framúrskarandi
fyrirtæki**

starfsmanni í 130 og skal engan undra að upphafsárin hafi verið viðburðarrík og krefjandi. Með reynslunni sem bjó í aðildarfélögum Launafls, styrkri stjórn og frábærum mannauði Launafls, var leyst úr öllum þeim stóru og flóknu verkefnum sem Launafl tók að sér. Nú rúmlega áratug síðar má segja að samstarf Launafls og Alcoa hafi verið einstaklega farsælt í alla staði.

Á þessum rúmu 10 árum sem liðin eru frá stofnun Launafls hefur fyrirtækið haldið áfram að dafna. Fyrirtækið hefur haldið áfram uppbyggingu á starfsemi sinni og unnið ötulllega að því að breikka þjónustusviðin. Í dag rekur Launafl bifreiðaverkstæði, blikksmiðju, byggingadeild, pípulagningadeild, rafmagnsverkstæði, tæknideild, verslun og vélaverkstæði í um 4.000m² húsakynnum. Þrátt fyrir að Alcoa Fjarðaál sé stærsti viðskiptavinur Launafls, þjónustar fyrirtækið einnig Fjarðabyggð, stóru sjávarútvegsfyrirtækin, Eimskip, ásamt fjölmörgum öðrum fyrirtækjum og einstaklingum, bæði í nýframkvæmdum og viðhaldsþjónustu.

Það var mikið gæfuspor að smærri verktakafyrirtæki á Austurlandi gátu sameinast um að þjónusta Alcoa Fjarðaál. Þau verðmæti sem Launafl hefur skapað, fyrir utan hið augljósa, felast einkum í því að hafa veitt ungum mönnum mikla og dýrmæta reynslu í iðnaði en einnig hefur fyrirtækið stutt við bakið á tugum iðnnema við að stunda nám sitt á öllum sviðum iðnaðar. Það er mikilvægt fyrir lítil samfélög úti á landi að geta haldið uppi góðri þjónustu og það hefur kannski aldrei verið mikilvægara en nú, með aukinni notkun á sjálfvirkum búnaði. Mikil verðmæti skapast í áliðnaðinum og sjávarútvegi, því geta tafir vegna bilana í þessum atvinnugreinum verið mjög kostnaðarsamar. Eigendur og starfsmenn Launafls líta framtíðina björtum augum og hlakka til að takast á við þau verkefni sem framtíðin felur í sér.

Svanur Freyr Jóhannsson

RAFVIRKINN MINN ER GÓÐUR FAGMAÐUR

Við lifum á spennandi tímum, daglega stöndum við frammi fyrir nýjum áskorunum og krefjandi verkefnum. Ört vaxandi krafa samfélagsins um meiri hraða og sjálfvirkni ásamt aukinni hagkvæmni hljómar kunnuglega í eyrum okkar rafverktaka. Við þurfum að mæta þessum kröfum.

Fjórða iðnbyltingin hefur sýnt okkur að nánast allt er mögulegt þegar kemur að nýjum tæknilausnum. Það er einungis spurning um hvað menn eru tilbúnir að verja miklum tíma og fjármunum í verkefni. Í þessu felast gríðarleg tækifæri fyrir rafiðnaðarmenn. Möguleikar manna á sérhæfingu á afmörkuðum sviðum eru nánast óendanlegir. Á sama tíma verða rafverktakar að vera tilbúnir að bjóða viðskiptavinum heildarlausnir sem kallar á ráðningu sérfræðinga til að starfa við afmarkaða verkþætti. Rafiðnaðarmenn þurfa að huga að símenntun til að geta tekist á við og tileinkað sér nýja tækni af þekkingu og öryggi. Það er því fyrirsjáanlegt í heimi örrar tækniþróunar að Rafmennt, menntastofnun okkar rafiðnaðarmanna, fái aukið vægi.

Undanfarin misseri hefur aukin áhersla verið lögð á að hvetja unga fólk til að huga að iðnnámi að loknum grunnskóla. Þetta átak hefur skilað miklum árangri enda eru tekjumöguleikarnir miklir og markaðurinn kallar eftir iðnmenntuðu fólk. Mikilvægt er að stjórnvöld beini meiri fjármunum í þá skóla sem bjóða upp á iðnnám enda er mikill auður í vel menntuðum og faglegum iðnaðarmönnum.

Á sama tíma og við keppumst við að viðhalda gæðum og fagmennsku innan greinarinnar berast öðru hvoru



fregnir af rafverktökum sem láta nafnið sitt falt þegar eftir því er leitað. Þar á ég við þá sem í daglegu tali eru kallaðir leppar fyrir réttindalaus. Þessir aðilar eru fyrir rétt gjald jafnvel tilbúnir til að skrifa upp á verk sem unnin eru af ófaglærðum fúskurum. Það er með ólíkindum að þessir leppar skuli ekki bera meiri virðingu fyrir

sjálfum sér, stéttinni og menntun sinni. Lepparnir virðast heldur ekki gera sér grein fyrir þeirri ábyrgð sem felst í undirritun sinni sem iðnmeistari. Fjárhagsleg áhætta þeirra sem þetta stunda svo og viðskiptavina þeirra er gríðarleg því iðnmeistari sem skrifar upp á verk er persónulega ábyrgur fyrir allri vinnu sem unnin er í hans nafni. Stendur leppurinn undir því ef á reynir?

Um þessar mundir eru liðin 70 ár frá því að framsæknir hugsjónamenn komu saman og stofnuðu L.Í.R. Á þessum tíma hefur mikið vatn runnið til sjávar og tækninni fleygt fram. Það hefur hins vegar ekki breyst að það er kappsmál okkar allra sem störfum innan SART, að ástunda góð vinnubrögð og heiðarlega viðskiptahætti. Að afloknu dagsverki viljum við að umsögn viðskiptavinarins sé: „Rafvirkinn minn er góður fagmaður“.

*Kristján Daniel Sigurbergsson
framkvæmdastjóri SART*

SAMTÖK RAFVERKTAKA 70 ÁRA

UPPHAFIÐ

Fyrir rúmum sjötíu árum, eða nánar tiltekið 31. mars árið 1949, komu nokkrir rafvirkjameistarar saman í húsi Verslunarmannafélags Reykjavíkur við Vonarstræti í þeim tilgangi að stofna Landssamband rafvirkjameistara. Eftir að lög höfðu verið samþykkt var ákveðið að nafnið skyldi skammstafað L.Í.R. Árið 1967 var nafninu síðan breytt í Landssamband íslenskra rafverktaka.

Næsta dag var fundi fram haldið og þar var fyrsta stjórnin kjörin og var hún þannig skipuð: Jón Sveinsson formaður, Gissur Pálsson gjaldkeri og Vilberg Guðmundsson ritari, allir úr Reykjavík, Eyjólfur Þórarinsson frá Akureyri varaformaður og Jóhann K. Jóhannesson frá Siglufirði meðstjórnandi. Endurskoðendur voru kjörnir þeir Hjálmar Halldórsson, Hólmavík og Örnólfur Örnólfsson, Reykjavík.

FÉLÖGIN

Í upphafi má segja að LÍR hafi verið einskonar félag rafverktaka utan Reykjavíkur en Félag löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík hafði verið starfandi frá árinu 1927. Ástæðan fyrir stofnum þess félags var m.a. óhæfileg samkeppni sem skýrð var með þessum hætti:

Um þessar mundir voru um 24 þúsund íbúar í Reykjavík eða að meðaltali 4.800 íbúar á hvern rafvirkjameistara. Meirihluti félagsmanna leit þá svo á að óþarft væri að fjölga rafvirkjameisturum í bænum og er fyrsta bréfið sem getið er um í fundargerð ritað rafmagnsstjóra af þessu tilefni. Segir þar á einum stað: „Samkeppnin er hér orðin óhæfileg, en það stafar af því að í bænum er ekki til nægileg vinna handa þessum 5 mönnum og þó vinnur einn þessara manna einn síns liðs.“

Árið 1955 gekk Félag rafvirkjameistara á Akureyri í sambandið og var þá ákveðið að opna skrifstofu í Reykjavík. Um 1970 hófst undirbúningur að stofnun rafverktakafélaga í öllum landshlutum og fljótlega gerðust þau öll aðilar að LÍR.

Að samtökunum standa eftirtalin félög: Félag löggiltra rafverktaka, Félag rafverktaka á Vesturlandi, Félag löggiltra rafverktaka á Vestfjörðum, Félag löggiltra rafverktaka á Norðurlandi, Félag rafverktaka á Austurlandi, Félag rafverktaka á Suðurlandi, Rafverktakafélag Suðurnesja og Félag rafeindatæknifyrirtækja.

HÚSNÆÐISMÁL

Árið 1963 eignuðust rafverktakar ásamt Vinnuveitendasambandi Íslands, húseignina að Hólatorgi 2. Tengslin við VSÍ voru því nán á þeim tímum og stóð sambúðin



allt fram til ársins 1975 er LÍR keypti þeirra hlut. Nýttu samtökin allt húsið fram til ársins 1986 en þá var Hólatorgið selt og flutt í húsnæði að Skipholti 29a. Árið 1987 var orlofshúsið Ásgarður í Grímsnesi tekið í notkun.

BLAÐAÚTGÁFA

Í mars árið 1960 hóf LÍR útgáfu á litlu tímariti sem nefnt var Rafvirkjameistarinn og var það í upphafi fjórar síður. Stærst varð blaðið rúmlega þrjátíu síður en útgáfu þess var hætt undir lok áratugarins. Árið 1970 hófst síðan útgáfa fjölrítaðs fréttabréfs, sem stóð allt fram til ársins 1993 en þá hófst útgáfa LÍR-frétta sem stóð alveg fram til þess tíma að samtökin settu á stofn eigin heimasíðu og var þá blaðaútgáfa hætt.

ÁKVÆÐISVINNA

Árið 1965 var undirritaður samningur við RSÍ um ákvæðisvinnutaxta. Fljótlega var skipuð ákvæðisvinnunefnd sem hefur staðið að baki reksturs Ákvæðisvinnustofu rafiðna frá stofnun hennar.

LÍR VERÐUR SART OG VSÍ VERÐUR SA

Þann 1. september 1999 var nafni Landssambands Íslenskra rafverktaka breytt í Samtök atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði, skammstafað SART. Markmiðið með breytingunum var að efla samstöðu fyrirtækja í raf- og tölvuiðnaði og styrkja samtök þeirra. Jafnframt að opna fjölbreyttari fyrirtækjum leið inn í ný heildarsamtök atvinnulífsins. Þann 1. október sama ár tóku Samtök atvinnulífsins SA, til starfa og leystu af hólmi Vinnuveitendasamband Íslands.

FLUTT Í HÚS ATVINNULÍFSINS

Í maí 2002 fluttu samtökin aðsetur sitt úr Skipholti 29a í nýtt og glæsilegt hús Samtaka atvinnulífsins í Borgartúni 35. Með því gafst kjörið tækifæri til þess að styrkja rekstur skrifstofu SART og aðildarfélaganna og komast nær öðrum fulltrúum atvinnulífsins ásamt sérfræðingum á vinnumarkaði. Á aðalfundi SART þann 5. mars 2010 var nafni samtakanna breytt í SART-Samtök rafverktaka.

SAMSKIPTAREGLUR, BROT Á SAMKEPPNISLÖGUM

Árið 2010 fékk SART á sig kærur og sekt Samkeppnis- eftirlits vegna tilkynninga til félagsmanna sem byggðu á samskiptareglum rafverktaka sem snúa að því, að fara ekki inn í verk þar sem ágreiningur er milli verk- kaupa og rafverktaka um uppgjör og greiðslur. Fram- kvæmd reglnanna voru að mati fróðustu manna brot á samkeppnislögum. Sátt náðist í málinu og í framhaldi voru samskiptareglurnar felldar úr gildi.

SART GERIST AÐILI AÐ SAMTÖKUM IÐNAÐARINS

Á fyrsta stjórnarfundum LÍR árið 1949 var samþykkt að sækja um inngöngu í Landssamband iðnaðarmanna, viðræður sigldu í strand og var inntökubeiðnin afturkölluð. Svipað gerðist þegar Samtök iðnaðarins voru stofnuð, en þá voru inngönguskilyrðin þau að LÍR yrði lagt niður og þar með var aðild LÍR úr sögunni, í annað sinn.

Á haustdögum 2011 náðist loks samkomulag um aðild SART að SI sem fól í sér að fyrirtæki innan SART væru fullgildir aðilar að SI auk þess sem sjálfstæði SART var tryggt. Samkomulagið tók gildi þann 1. janúar 2012.

HELSTU VERKEFNI

Innflutningshöft og skortur á efni til raflagna var einn helsti hvatinn að stofnun samtakanna. Sem dæmi um ástand og höft þeirra tíma má nefna að samþykkt var á aðalfundi 1961 að viðsjárvert væri að innflutningsyfirvöld neyddu menn til þess að flytja inn ljósaperur sem sundruðust framan í notendur. Í janúar 1962 var því ákveðið að sambandið leysti til sín heildsöluleyfi. Hafinn var innflutningur á ljósaperum og þar með hófst starfsemi Söluumboðs L.Í.R. sem stóð allt fram á tíunda áratuginn en þá var starfsemin lögð niður.

Löggildingin, reglugerð um raforkuvirki, starfsleyfi rafverktaka og öryggismál hafa þó alla tíð verið málefni

Formenn LÍR / SART frá upphafi:

Jón Sveinsson	Reykjavík	1949-1955
Gísli Jóhann Sigurðsson	Reykjavík	1955-1964
Gunnar Guðmundsson	Reykjavík	1964-1972
Kristinn Björnsson	Keflavík	1972-1975
Svavar Kristjánsson	Reykjavík	1975-1977
Tryggvi Pálsson	Akureyri	1977-1985
Ingólfur Árnason	Mosfellsbæ	1985-1995
Guðjón Pálsson	Hveragerði	1995-1996
Tryggvi Þór Jónsson	Hafnarfirði	1996-1997
Ómar Hannesson	Reykjavík	1997-2003
Jens Pétur Jóhannsson	Laugarási	2003-2017
Hjörleifur Stefánsson	Keflavík	2017



Fagleg þjónusta
við rafiðnað

 REYKJAFELL

reykjafell.is

sem mest hafa verið rædd á fundum rafverktaka. Samtökin hafa alla tíð átt fulltrúa í ráðum og nefndum sem um þessi mál hafa fjallað auk fjölda annarra málaflökka. SART hefur frá árinu 1979 farið með umboð aðildarfélaganna í kjarasamningum bæði gagnvart Rafiðnaðarsambandi Íslands og innan Samtaka atvinnulífsins. SART á fulltrúa í stjórn lífeyrissjóðsins Birtu.

Með nýjum lögum um rafmagnsöryggi sem tóku gildi árið 1997 var gerð krafa um að rafverktakar kæmu sér upp öryggisstjórnun. LÍR og eftirmenntun rafiðna létu því árið 1998 gera öryggisstjórnunarkerfið LÍR-ös sem m.a. innihélt verkskráningu og var kerfið sérsníðið að þörfum rafverktaka. Allt frá þeim tíma hafa rafverktakar haldið uppi gæðakerfi og síðustu ár verið þátttakendur í miðlægrri rafmagnsöryggisgátt Mannvirkjastofnunar.

Sem dæmi um verkefni á sviði öryggismála hafa Samtök rafverktaka, Samtök iðnaðarins, Rafiðnaðarsamband Íslands og Mannvirkjastofnun tekið höndum saman og afhent hátt í 1500 öryggislása til að draga úr hættu á slysum og óhöppum af völdum óæskilegrar eða óvæntrar spennusetningar rafbúnaðar. Með því að afhenda öryggislásana er verið að stíga stórt skref til þess að draga úr hættu á slysum. Með notkun öryggislása getur starfsmaður tryggt að hann sé að vinna við búnað sem ekki er undir spennu. En um leið er verið að vekja athygli starfsmanna á því að þeir bera ekki einungis ábyrgð á eigin öryggi heldur þurfa þeir jafnframt að gera ráðstafanir til að tryggja öryggi annarra sem gætu verið í hættu vegna þeirra vinnu eða bilunar í rafbúnaði.

MENNTAMÁL

Árið 1974 var gert samkomulag við RSÍ um stofnun eftirmenntunar. Samþykkt þessi var mikið gæfuspor og samstarf SART og RSÍ á þessu sviði er til fyrirmyndar. Samtökin hafa fram til þessa skipað stjórnir Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins og Rafiðnaðarskólans að jöfnu, en þessar stofnanir hafa nú verið sameinaðar undir heitinu Rafmennt - fræðslusetur rafiðnaðarins.

Sveinsprófsnefndir í rafiðnaði eru skipaðar fulltrúum samtakanna. Á þann hátt getur atvinnulífið lagt mat á kennslu í skólunum, veitt þeim aðhald og stuðlað að því að markaðurinn fái alltaf sem hæfasta starfskrafta. SART ásamt RSÍ hafa um árabil veitt viðurkenningar fyrir góðan árangur á sveinsprófum og þá hafa samtökin á seinni árum látið grunn- og fagnamið sig meira varða.

Eitt af verkefnum sem samtökin hafa þegar sett í gang er að allir nýnemar í rafiðnaði fá spjaldtölvur að gjöf við upphaf náms. Spjaldtölvurnar veita nemum aðgang að námsefni á „Rafbók“.is, en samtök rafiðnaðarmanna hafa um langt skeið unnið að gerð námsefnis á rafrænu formi sem nemendur geta notað gjaldfrjálst í gegnum allt námið.

ERLEND SAMSKIPTI

SART hefur átt farsæl samskipti við önnur samtök rafverktaka á Norðurlöndum. NEPU-fundir eru fundir framkvæmdastjóra og formanna norrænu samtakanna og hafa þeir verið haldnir á Íslandi á fimm ára fresti, allt frá árinu 1964. Næsti NEPU fundur verður á Íslandi árið 2020. Rafverktakar á Norðurlöndum eiga samnorrænt merki sem eftir er tekið og skipar það veglegan sess í hugum almennings, sem lítur á það sem tryggingu fyrir fagmennsku, öryggi og trausta viðskiptahætti.

Árið 1974 áttu samtökin aðild að stofnun NEUK, samstarfsnefndar norrænna rafvirkja og rafverktaka um eftirmenntun og almenna menntun í greininni. Hefur samvinna í menntamálum milli Norðurlandanna skipað norrænum rafiðnaðarmönnum í fremstu röð á því sviði.

Heimildir:

Fundargerðir, Rafverktakinn, Rafvirkjatalið, Fréttabréf LÍR, LÍR fréttir, vefsíður MVS, SART og RSÍ.

Ásbjörn Ragnar Jóhannesson

Raflagnaefni,
stjórnþúnaður,
iðntölvur, varþúnaður,
mælitæki,
lýsingarþúnaður,
og fleira.

SIEMENS

FAGERHULT

OBO
BETTERMANN

RITTAL



SMITH &
NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Mannvirkjastofnun hvetur fagmenn á rafmagnssviði til að nota öryggislása við vinnu sína

Tilgangur

Tilgangurinn með notkun öryggisláss er að draga úr hættu á slysum og óhöppum af völdum óæskilegrar eða óvæntrar spennusetningar rafbúnaðar.

Ábyrgð

Hver og einn starfsmaður ber ábyrgð á eigin öryggi en einnig á öryggi annarra sem mögulega gætu verið í hættu vegna vinnu hans. Allir starfsmenn verða að þekkja það læsiferli sem fylgja skal á viðkomandi vinnustað/svæði.

Verklag

Undirbúningur læsingar

Áður en rofa er læst skal starfsmaður fullvissa sig um að um réttan rofa sé að ræða. Ef einhver vafi leikur á því skal staðfesta að réttum rofa sé læst með aðstoð teikninga og/eða yfirmanns.

Ef rofinn er ekki útbúinn fyrir lás þarf að nota viðeigandi læsingarbúnað (aukahluti) til viðbótar við lásinn þannig að tryggilega sé hægt að læsa rofanum. Einnig verður að tryggja að önnur spennufæðing sé ekki til staðar á því vinnusvæði/búnaði sem vinna á við.

Tryggja þarf þegar búnaði er læst að mögulegt sé fyrir fleiri notendur að læsa sama búnaði þannig að ávallt sé einn laus læsipunktur á honum. Sé ekki laus punktur til læsingar skal nota viðeigandi læsingarbúnað sem fjölgar læsipunktum.

Ferli læsingar

1. Tilkynna skal öllum sem læsingin getur haft áhrif á að gera eigi viðkomandi búnað spennulausan (og ástæðu þess ef við á).
2. Ef búnaður er í gangi skal slökkva á honum áður en spennan er tekin af og rofa læst.
3. Sláð viðkomandi rofa út (**OFF** eða **O**).
4. Læsið viðkomandi rofa með viðeigandi læsingarbúnaði og lás.
5. Sannreynið spennuleysi með mælingum og/eða með því að prófa gangsetningu á búnaði
VARÚÐ: Ef gangsetning búnaðar er reynd þarf að tryggja að búnaður sé skilinn eftir þannig að hann ræstist ekki sjálfkrafa þegar spennusetting er að nýju.
6. Læsingu lokið – vinna getur nú hafist á svæði/búnaði.

Spennusetning (lás fjarlægður)

1. Þegar vinna er lokið og búnaður er tilbúinn til spennusetningar skal tryggja að rétt sé gengið frá búnaði og spennusetning geti ekki valdið hættu.
2. Upplýsa skal alla á viðkomandi svæði sem gætu verið í hættu um væntanlega spennusetningu.
3. Fjarlægja má lásinn og spennusetja.

ATH: Ef fjarlægja þarf lás sem annar hefur sett upp skal fylgja eftirfarandi:

1. Reynið að ná sambandi við uppsetningaraðila lássins og fá viðkomandi til að fjarlægja hann.
2. Ef ekki næst í uppsetningaraðila lássins skal hafa samband við yfirmann (löggitan rafverktaka), hann einn má fjarlægja lásinn.



▶▶ Íslenskur iðnaður styrkir stoðir samfélagsins

Verðmætasköpun sem byggir á öflugu, fjölbreyttu og samkeppnishæfu atvinnulífi er forsenda góðra lífskjara. Samtök iðnaðarins, sem hreyfiafl í íslensku samfélagi, vinna að umbótum til hagsbóta fyrir iðnaðinn, atvinnulífið og landsmenn alla. Innan Samtaka iðnaðarins eru 1.400 fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum sem starfa í ólíkum starfsgreinum en saman styrkja þau stoðir samfélagsins.

Samkeppnishæft og stöðugt starfsumhverfi, traustir innviðir, fjölbreytt menntun og verðmæt nýsköpun eru grunnur fyrir framþróun lífskjara hér á landi. Með árangri á þessum sviðum má áfram skapa Íslandi sæti í fremstu röð þeirra landa þar sem best er að búa.